

AST – VINNUFUNDUR FRAMKVÆMDARÁÐS NR. II

Vinnufundur var haldinn í framkvæmdaráði AST þriðjud. 15. feb. 2011. Fundinn sátu: Páll Björgvin Guðmundsson, Skúli Björn Gunnarsson, Stefanía G. Kristinsdóttir og Bj. Hafþór Guðmundsson. Arnbjörg Sveinsdóttir lenti í ófærð uppi á Fjarðarheiði, en var að hluta til í símasambandi við fundinn.

Fundurinn hófst kl. 13:00.

Eftirfarandi gerðist:

Skv. ákvörðun síðasta fundar var fjallað um samantektir þeirra, sem í ráðinu sitja með það í huga að skýra og skilgreina ferla og þarfir notenda þjónustu stoðstofnana m/v dreifðar starfsstöðvar og mismunandi þörf og verkefni.

- Skúli Bj tók að sér „ferðaþjónustu- og menningarvinkil“,
 - Páll Björgvin sá um „fyrirtækjavinkil“,
 - Stefanía tók að sér „nemenda- og menntavinkil“,
 - Arnbjörg sá um „sveitarfélagavinkil“.
-
- Skúli Björn kynnti og fór yfir samantekt m.a. út frá sjónarhorni Mark. Aust. um ferli, sem farið gæti í gang, leitaði ferðaþjónustu aðili til AST (samstarfsvettvangs, sem væntanlega kæmi út úr vinnu AST-hópsins). Einnig sýndi hann sambærilega samantekt um ferli, tengt hugmynd um menningartengt verkefni og lista yfir þær spurningar sem algengast væri að leita með til markaðsstofu og menningarráðs.
 - Páll Björgvin kynnti samantekt sína o.fl. á því, hvaða þjónustu óskilgreint fyrirtæki úr Fjarðabyggð kynni að þurfa á að halda / ætti aðgang að hjá ýmsum núverandi stoðstofnunum.
 - Stefanía fór yfir sína samantekt um one-stop-shop og fræðsluþáttinn. Hún kynnti einnig fleiri gögn sem eru komin inn á gagnavef verkefnisins. Þar er m.a. að finna uppl. um Stoðstofnanir á Austurlandi á vegum ríkis og sveitarfélaga, fjölda ársverka og staðsetningu þeirra. Einnig varpaði hún upp grunnhugmyndum sínum um skipurit fyrir allt samstarfið.
 - Farið var yfir samantekt Arnbjargar um hugsanlega nýtingu á stoðstofnunum séða út frá þörfum sveitarfélagsins Seyðisfjarðarkaupstaðar og hugsanlega nýtingu þess á stoðstofnunum. Einnig lagði hún fram samantekt um stöður og starfsmenn á vegum sveitarfélagsins, sem sinna verkefnum er falla undir sömu svið og stoðstofnanirnar vinna með.
 - Eftir umfjöllun samantekt Arnbjargar tók BHG að sér að kalla eftir sambærilegum upplýsingum frá öllum hinum sveitarfélögum. Liggi fyrir á næsta fundi.
Einnig mun BHG þá skila af sér samantekt um SSA, hlutverk og samskiptanet út á við, bæði hið opinbera, önnur landshlutasamtök og heildarsamtök sveitarfélaga.

Að loknum „framsögum“ urðu spaklegar umræður um næstu skref. Eftirf. kom m.a. fram:

- a) Vinna þarf verkáætlun. Fyrir liggur þó að framkvæmdaráðið mun funda aftur eftir viku og fljótlega eftir það er gert ráð fyrir „faðmlagafundi“ hjá vinnuhópnum í heild. Tímasetta verkáætlun þarf að setja saman þá.
- b) Vinna þarf að því áfram að skilgreina skörun milli stofnana og verkefna og jafnframt að auðvelda tengingu milli þeirra eða hins nýja vettvangs við úrlausn verkefna og auðvelda einstaklingum, fyrirtækjum að fóta sig í þeim „frumskógi, sem nú er unnið að því að grisja“.
- c) Átta þarf sig betur á þjónustuþörfinni á svæðinu og skilgreina betur, hverjum á að þjóna með hinum nýja vettvangi, sem að er stefnt.
- d) Fara þarf út í „mannauðsgreiningu“ í núverandi stoðkerfi stoðstofnana og sveitarfélaga og finna út hvaða sérhæfingu eða þjónustusvið væri hagkvæmt að hafa undir regnhlíf AST.
- e) Skilgreina þarf betur hugmyndina „one stop shop“ og jafnvel færa heiti hennar yfir á hið ylhýra mál.
- f) Fara þarf að huga að samstarfsformi (skipulagi og skipuriti), staðsetningu þjónustu (þjónustuvera) og rekstrarformi.
- g) Tryggja þarf kynningu á þeim hugmyndum sem unnið er með á komandi aðalfundum hinna ýmsu stoðstofnana og félaga og jafnframt meðal sveitarstjórnarmanna.
- h) Eftirtalin heimaverkefni voru ákveðin (og hver vinnur – væri það skilgreint):
 - Sveitarfélög skilgreini sín núverandi „one-stop-shop“ eða þjónustuver - þ.e. eigin þjónustu tengda ferðamálum, atvinnuþróun, markaðsmálum og fræðslumálum. (BHG).
 - Tekið saman hverjir eru að vinna að markaðssetn. og kynningarmálum á svæðinu og útgáfu í sambandi við slíkt. (SBG).
 - Skilgreindar verði hugmyndir um rekstrarform. (PBG ??).
 - Skipgreint verði samstarfsform – jafnvel hugað sameiningum og formi samstarfssamninga.
 - Settar fram hugmyndir um staðsetningu þjónustuvera (dreifiaðilar – birgjar o.s.frv.), þó ekki fyrir en fyrir liggur nánari greiningu frá stoðstofnunum og sveitarfélögum, sbr. úttektina, er varðar Seyðisfjörð.
 - Unnin verði skilgreining á þjónustu í þjónustuverum (lágmarksþjónusta – miðþjónusta – sérhæfð þjónusta). (SGK)
 - Unnin verði „markhópagreining“ út frá grófri greiningu Stefaníu. (SGK)
 - Skilgreind verði staðsetning „sérhæfðari þjónustu“, n.k. verkaskipting á milli þjónustuvera eða þekkingarsetra. (SGK)
- i) Ákveðið var að næsti fundur framkvæmdaráðsins verði haldinn 22. febrúar 2011 kl. 13-15 í Molanum á Reyðarfirði.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundinum lauk um kl. 14:30.